

**Ed.**

**247. Tillaga**

til þingsályktunar um breytt skipulag Söfnunarsjóðs Íslands.

Flutningsmaður : Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta þing breytingu á skipulagi Söfnunarsjóðs Íslands, þannig að hjer eftir láni sjóðurinn aðeins til ræktunar í sveit og til endurbyggingar sveitabæja og nýbýla. Jafnframt er stjórn sjóðsins bannað að binda nokkuð af því fje, sem inn kann að koma, í löngum lánum þar til breyting sú, er hjer ræðir um, er orðin að lögum.

**Greinargerð.**

Landbúnaðinn vantar tilfinnanlega fje til ræktunar og húsabóta. Söfnunarsjóðurinn getur veitt löng lán og fremur ódýr. Hann hefir á hinn bóginn bundið fje sitt fram að þessu, sjer í lagi í húseignum í kaupstöðum. Hjer er gert ráð fyrir, að á þessu verði gerð alger breyting, þannig að fje þessarar lánsstofnunar verði framvegis eingöngu varið til lána handa sveitnum, auðvitað gegn nægilegum tryggingum.